

Ágæti rektor, fyrrverandi rektor, kennarar, nemendur og aðrir viðstaddir.

Það er mér sönn ánægja að flytja ykkur skýrslu stjórnar um starf Hollvínafélags MR. Það eru nú orðin allmörg ár síðan Yngvi Pétursson kallaði til nokkurn hóp einstaklinga til þess að kanna áhuga á því að stofna til Hollvínafélags til að styðja við skólann með ráðum og dáð. Félagið var svo stofnað árið 2013 og hefur starfað óslitið síðan. Fyrsti formaður þess var Benedikt Jóhannesson, sem kallaður var til þess starfa af undirbúningsnefnd. Sat hann sem formaður til ársins 2017 er hann gaf ekki kost á sér að nýju vegna starfa sinna sem fjármálaráðherra. Á hann miklar þakkir skildar fyrir að hafa leitt félagið þennan tíma og átt þannig sinn þátt í að móta starfsemi þess og stefnu.

Á þessu starfsári sem er að líða hefur það komið í minn hlut að gegna formennsku þó að ekki hafi verið til þess stofnað í upphafi. Þakka ég það traust sem mér hefur verið sýnt í starfi mínu til þessa.

Haldnir voru sjö stjórnarfundir á starfsárinu. Málafni skólans voru auðvitað á dagskrá en einnig umræða um fjáröflunarleiðir félagsins og með hvaða hætti það sinnti best því markmiði sínu að styðja við Menntaskólann í Reykjavík.

Á starfsárinu færðu Hollvínasamtökin skólanum okkar gjafir að verðmæti 4,7 milljónir króna en þær eru þessar:

- Verðlaun til afburðanemenda við skólaslit í maí 2017 300 þkr.
- Endurnýjun á netþjónum innranets + þráðlaust nemendanet við skólaslit 3.000 þkr.
- Uppfærð líkamsræktartæki í tækjasal á skólalóð, 1. desember 1.400 þkr.
- Samtals 4.700 þkr.

Síðast talda gjöfin var afhent rektor MR, Elísabetu Siemsen, við hátíðlega athöfn 1. desember síðastliðinn, að viðstöddum forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, en faðir hans, Jóhannes Sæmundsson, var lengi íþróttakennari við skólann. Einnig var viðstaddur Valdimar Örnólfsson fyrrum íþróttakennari við MR. Þetta var eftirminnilegur atburður og hátíðlegur.

Alls hafa samtökin afhent skólanum gjafir að upphæð rúmar 12 milljónir króna frá því í ágúst 2015. Það er okkur sérstök ánægja að hafa getað afhent skólanum þessar gjafir fyrir hönd fyrrum nemenda skólans.

Félagið er nú að hefja sitt þriðja söfnunaráttak og er þess að vænta að 10.544 fyrrverandi nemendur skólans fái senda í netbankann sinn valkvæða greiðslu um miðjan júní með ósk um hóflegt framlag til söfnunarinnar. Markmiðið er að styðja við kaup á tölvum fyrir kennslustofur skólans.

Hollvínafélagið rekur vefsíðu og facebook síðu og eru 1.526 sem fylgja facebook síðunni að jafnaði en minna er vitað um heimsóknir á heimasíðuna.

Rektor, starfandi formaður Hollvínafélagsins og aðrir starfsmenn skólans mættu á fund hjá menntamálaráðherra hinn 23. febrúar síðastliðinn til að ræða málafni skólans og bar þar hæst hugsanlegar byggingaframkvæmdir. Var okkur vel tekið og menntamálaráðherra jákvæð í garð skólans okkar enda fyrrum nemandi hans. Síðan hefur lítið frést frá ráðherra þó að vissulega gæti bjartsýni hjá okkur um að málum fari að þoka eitthvað.

Mikil umræða var í stjórn félagsins um fjögurra ára nám borið saman við þriggja ára nám og var almennt sú skoðun uppi að stytting skólavistar í Menntaskólanum í þrjú ár hefði haft ýmis neikvæð áhrif í för með sér, meira álag á nemendur og minna félagslíf svo dæmi sé tekið. Er það niðurstaða okkar að styðja skólann í þeirri viðleitni að geta boðið fjögurra ára nám til stúdentsprófs.

Á haustmánuðum var Elísabet Siemsen ráðinn rektor skólans og höfum við átt við hana gott samstarf. Vegna þess að tveir stjórnarmenn drógu sig í hlé á árinu óskuðum við eftir því við Yngva Pétursson, fyrrverandi rektor, að hann mætti á stjórnarfundum félagsins og varð hann við því. Vil ég þakka þeim báðum fyrir gott samstarf sem er okkur mjög mikils virði.

Á síðasta aðalfundi var Hrafnkell Hringur Helgason kjörinn formaður í stað Benedikts Jóhannessonar sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs. Fljótlega kom í ljós að vegna starfa nýkjörins formanns erlendis gat hann ekki tekið við stjórn félagsins og féll það því í minn hlut að sinna formennsku á starfsárinu. Aðrir í stjórn eru Brynjólfur Jónsson, Kristín Heimisdóttir, Laufey Gunnarsdóttir, ritari, Ólafur Stephensen, Ólafur Þorsteinsson, gjaldkeri og Svana Helen Björnsdóttir. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim hjartanlega fyrir samstarfið á starfsárinu sem hefur verið gott.

Það er ljóst núna að ekki verður kosið um stjórn og hafa allir sitjandi stjórnarmenn gefið kost á sér áfram en við bætast Krístrún Heimsdóttir, sem ég býð velkomna aftur til starfa, og Yngvi Pétursson sem hefur starfað með okkur frá upphafi, fyrstu árin sem rektor, en hluta síðasta starfsárs sem viðauki við stjórnina. Skoðunarmenn gefa einnig kost á sér áfram. Ég hlakka til samstarfsins við þessa einstaklinga og þakka þeim fyrir að gefa okkur dýrmætan tíma sinn til að vinna að heill skólans.

Við ykkur sem starfið við skólann vil ég segja að það hefur verið einstök ánægja að fá að taka þátt í því með ykkur að styðja og styrkja þá starfsemi sem hér fer fram.

Óska ykkur gleðilegs sumars og hlakka til samstarfsins næsta vetur.

Reykjavík, 25. maí 2018

Halldór Kristjánsson